

Fimleikabing 4. september 2021

Bingskjal nr. _____

Tillaga frá vinnuhópi koparleyfa krílahópa um breytingu á koparleyfum krílahópa. Koparleyfi krílahópa 4 ára og yngri lækki úr 1.200 kr. í 800 kr. önnina. Að sama skapi skulu félögin skila inn leyfistölum þeirra sem að taka þátt í námskeiðum á vegum félaganna á haust- og vorönn ef námskeiðið er í gangi í 7 vikur eða lengur. Leyfisgjald fyrir námskeið skal vera 800 kr. önnin.”

Greinargerð:

Þing FSÍ 2020 samþykkti að fela stjórn FSÍ að skipa vinnuhóp með fulltrúum félaga til að fara yfir leyfiskerfi FSÍ með það að markmiði að endurskoða gjaldtöku af aldurshópnum 2-5 ára, meðalannars með tilliti til gagnsæis. Vinnuhópurinn fór í gang stuttu eftir þing og komst að samkomulagi með ofangreinda tillögu.

Starfshópurinn telur að þessi breyting muni ekki hafa veruleg áhrif á fjárhag FSÍ þar sem að mörg félög eru ekki að skila inn leyfum fyrir þá sem mæta á námskeið, þannig að breytingin ætti hugsanlega að jafnast út. Einnig var rætt um hvort breyta þyrfti heiti þeirra leyfa sem falla í ofangreinda tillögu, t.d. stál, tin o.s.frv. Það þarf a.m.k. að búa til nýja flokka, líkt og kopar yngri og kopar námskeið.

Vinnuhópur um koparleyfi:

Eva Hrund Gunnarsdóttir (FSÍ)

Íris Svavarsdóttir (Fjölnir)

Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir (Ármann)

Olga Bjarnadóttir (Gerpla)

Ólöf Línberg Kristjánsdóttir (Grótt)

Sigrún Ríkharðsdóttir (Fima)

Sólveig Jónsdóttir (FSÍ)

Unnur Símonardóttir (Stjarnan)

Sent til:

Laganefndar

Allsherjarnefndar

Fjárhagsnefndar

_____ nefndar